

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis á Þórshöfn á fundi sínum 15. apríl 2026.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður í austur um 5,16 metra. Hámarksbyggingarmagn var 257 m² en verður 307 m² við þessa breytingu. Nýtingarhlutfall breytist úr 0,3 í 0,36. Breytingin er gerð til að hægt sé að koma fyrir búnaði sem rúmast ekki innan núverandi húsnæðis Slökkviliðs Langanesbyggðar. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulagið frá 26. september 2019.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Langanesbyggðar, 24. apríl 2026.

Arnar Birgir Ólafsson skipulagsráðgjafi.

B deild - Útgáfudagur: 11. maí 2026